



# Samtök sjávarútvegs- sveitarfélaga

Greining á gjaldtöku af sjávarútvegi og fiskeldi

17. desember 2021



## Inngangur

## Samantekt

## Skattgreiðslur og gjöld í sjávarútvegi og fiskeldi

- Staðgreiðsla launa
- Tryggingagjald
- Tekjuskattur
- Veiðigjöld
- Auðlindagjald í fiskeldi
- Eftirlitsgjöld
- Hafnar- og aflaggjöld
- Kolefnisgjald
- Önnur gjöld

## Bls.

3

4

5

## Fyrirvari

KPMG hefur verið ráðið af Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga (hér eftir „SSS“ / „verkkaupi“) til að framkvæma greiningu og ná yfirliti yfir gjaldtöku í sjávarútvegi og fiskeldi og hvernig gjaldtakan skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga. Vinna KPMG byggir á ráðningarsamningi milli KPMG og SSS, dagsettum þann 28. maí 2021.

Greining KPMG náði til rekstraráranna 2016-2020. Greiningar og niðurstöður KPMG byggja á gögnum frá Fiskistofu, Fjársýslu ríkisins, Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk annarra opinberra upplýsinga. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Upplýsingarnar sem koma fram í þessari skýrslu endurspeglar ekki niðurstöður áreiðanleikakönnunar en varað er við að niðurstaða slíkrar könnunar gæti haft áhrif á undirliggjandi gögn og þar af leiðandi niðurstöður greiningar KPMG. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu greiningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningarinnar eða niðurstaðna sem í skýrslunni eru, er hjá verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

## Tengiliðir KPMG



**Magnús Kristjánsson**  
Partner  
Endurskoðunarvið

Sími: 545 6543  
mkristjansson@kpmg.is



**Guðmundur Freyr Hermannsson**  
Senior Manager  
Ráðgjafarvið

Sími: 545 6251  
ghermannsson@kpmg.is

# Inngangur

## Yfirlit um skatta og gjöld sem lögð eru á atvinnugreinarnar

Við greiningu á gjalddöku í sjávarútvegi og fiskeldi verður litið til almennra skatta, gjalda vegna fiskveiðastjórnunar- og eftirlitskerfa og gjalda fyrir aðgang að auðlindum.

Horft verður til þátta eins og:

- Tekjuskatts fyrirtækja
  - Upplýsingar voru fengnar frá Skattinum og undirliggjandi fjárhæðir byggja á ISAT flokkun úr gagnagrunni Skattsins.
  - ISAT flokkarnir taka tillit til sjávarútvegs-, fiskvinnslu- og fiskeldisfyrirtækja en tengd eignarhaldsfélög eru undanskilin.
- Staðgreiðsluskatta af launum
  - Innheimtir skattar, staðgreiðsla starfsmanna og aðrir skattar starfsmanna
- Almenns tryggingagjalds og sértæks tryggingagjalds í sjávarútvegi
- Veiðigjalda, auðlindagjalda og eftirlitsgjalda
- Hafnar- og aflagjalda
- Kolefnisgjalds
- Annarra gjalda svo sem
  - Gjalda í og úr umhverfissjóði sjókvíældis
  - Fasteignagjalda

Ýmis gjaldtaka vegna t.d. starfsleyfa, skráningargjalda og eftirlits eru í einhverjum tilfellum undanskilin í samantekt þessari og ekki hluti af uppgæfnum fjárhæðum nema slíkt sé tekið fram.

## Ríkissjóður

Ríkið fær sinn hluti af gjalddöku fyrst og fremst í gegnum skattgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja auk auðlindagjalds.

Fyrirtæki greiða tekjuskatt en almennt tekjuskattsþrep hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum er 20% af skattskyldum tekjum. Algengast er að starfsemi sjávarútvegs- og fiskeldisfélaga sé rekin í þessu félagiformi.

Fyrirtæki greiða einnig önnur opinber gjöld eins og t.a.m. tryggingagjald en almennt tryggingagjald er 6,10% af launum starfsmanna en við það bætast 0,65% vegna slysatryggingar sjómanna hjá ákveðnum hluta fyrirtækja.

Önnur dæmi um skattgreiðslur fyrirtækja til hins opinbera eru veiði-, auðlinda- og eftirlitsgjöld sem og kolefnisgjald.

## Sveitarfélög

Sveitarfélög fá sína hlutdeild í starfsemi fyrirtækjanna m.a. í formi útsvarsgreiðslna af launum starfsmanna. Útsvar reiknast sem hlutfall af heildarlaunum og er innheimt með tekjuskattsgreiðslum launþega. Fyrirtækjum ber að halda eftir staðgreiðslu skatta við launagreiðslur og skila mánaðarlega til innheimtumanns ríkissjóðs.


Sveitarstjórnir ákveða útsvarshlutfall sem þau innheimta samkvæmt lögum getur hún verið á bilinu 12,44% og 14,52%. Meðalútsvar á árunum 2017 til 2020 nam 14,44%.

Önnur gjöld sem sveitarfélögin innheimta af rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi eru hafnar- og aflaggjöld, auk fasteignagjalda.

# Samantekt

## Þróun skatta og gjalda í sjávarútvegi 2016-2020

m.kr.




## Skattar og gjöld í sjávarútvegi 2020

| m.kr.                           | Sjávar-<br>útvegur | Fiskeldi     | Samtals             | Ríki /<br>Sveitarfélag |
|---------------------------------|--------------------|--------------|---------------------|------------------------|
| <b>Staðgreiðsla launa</b>       | 24.377             | 1.164        | <b>25.541 m.kr.</b> | 55% / 45%              |
| <b>Tryggingagjald</b>           | 5.955              | 327          | <b>6.282 m.kr.</b>  | 100% / 0%              |
| <b>Tekjuskattur</b>             | 6.961              | 238          | <b>7.199 m.kr.</b>  | 100% / 0%              |
| <b>Veðiðgjöld</b>               | 4.782              | –            | <b>4.782 m.kr.</b>  | 100% / 0%              |
| <b>Auðlindagjald í fiskeldi</b> | –                  | 53           | <b>53 m.kr.</b>     | 100% / 0%              |
| <b>Eftirlitsgjald</b>           | 82                 | 25           | <b>42 m.kr.</b>     | 100% / 0%              |
| <b>Aflagjöld</b>                | 1.898              | 200          | <b>2.098 m.kr.</b>  | 0% / 100%              |
| <b>Kolefnisgjald</b>            | 1.816              | –            | <b>1.816 m.kr.</b>  | 100% / 0%              |
| <b>Samtals</b>                  | <b>45.871</b>      | <b>2.007</b> | <b>47.878 m.kr.</b> | <b>71% / 29%</b>       |


Hlutdeild sveitarfélaga í heildargjaldtöku í sjávarútvegi og fiskeldi hefur verið á bilinu 26-29% á árunum 2016-2020, fyrst og fremst útsvarsgreiðslur launþega...

%



Hlutdeild fiskeldis farið vaxandi en þó aðeins verið á bilinu 2-4% af heildargreiðslum til ríkis og sveitarfélaga á síðastliðnum fimm árum...

%



...á síðastliðnum árum hefur aukið fiskeldi einkum skilað auknum opinberum gjöldum í gegnum staðgreiðslu af launum starfsmanna í greininni en gera má ráð fyrir að áhrif auðlindagjalds kunni að vaxa umtalsvert á næstu árum.

Heimild: Skatturinn, Fiskistofa, Hafnasamband Íslands, Orkustofnun og greining KPMG



# Skattgreiðslur og gjöld í sjávarútvegi og fiskeldi

# Staðgreiðsla launa

### Almennt

Öllum launagreiðendum, hvort heldur sem er í sjávarútvegi eða öðrum greinum, er skylt að draga staðgreiðslu opinberra gjalda frá launum starfsmanna sinna og skila til ríkissjóðs.

Staðgreiðslan skiptist annars vegar tekjuskatt sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem fer til sveitarfélags viðkomandi starfsmanns. Hlutfall tekjuskatts er ákveðið af ríkinu fyrir hvert ár en útsvarsprósenta er í höndum hvers sveitarfélags og getur lögum samkvæmt verið á bilinu 12,44 til 14,52%.

- KPMG aflaði upplýsinga frá Skattinum um afdregna staðgreiðslu. Tekjuskattur og útsvar voru þó ekki suðundurliðuð í afhentum gögnum og því hefur útsvarið verið áætlað út frá meðalútsvari í landinu eða 14,44%.
- Hluttur ríkisins í afdreginni staðgreiðslu er því um 55% að teknu tilliti til persónuafsláttar.


### Fiskeldi

Samhliða auknum umsvifum hefur afdregin staðgreiðsla í fiskeldi farið vaxandi. Fjárhæðin fór í fyrsta sinn yfir 1,0 ma.kr. árið 2019 og var tæpir 1,2 ma.kr. á árinu 2020.

- Sú fjárhæð jafngildir um 4,6% af heildarstaðgreiðslu sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækja á Íslandi.


### Staðgreiðsla launa

m.kr.



### Skipting gjalda 2020

%



Heimild: Skatturinn og greining KPMG

# Tryggingagjald

### Tryggingagjald

Tryggingagjald launa er sérstakt gjald sem er lagt á launagreiðanda og er hlutfall af heildarlaunum launamanna hans. Gjaldið er innheimt með staðgreiðslu og skiptist annars vegar í almennt tryggingagjald en hins vegar fer hluti þess í atvinnuleysistryggingasjóð.

Tryggingagjald telst til launatengdra gjalda en gjaldið er ákvarðað árlega. Önnur launatengd gjöld í staðgreiðslu eru markaðsgjald og gjald í Ábyrgðarsjóð launa, en þau eru innheimt í staðgreiðslu samhliða innheimtu tryggingagjalds. Tryggingagjald hefur farið lækkandi undanfarin 10 ár, er 6,1% fyrir árið 2021 og skiptist í eftirfarandi flokka:

|                         |       |
|-------------------------|-------|
| — Tryggingagjald        | 4,65% |
| — Atvinnutryggingagjald | 1,35% |
| — Ábyrgðarsjóður launa  | 0,05% |
| — Markaðsgjald          | 0,05% |


### Sérstakt tryggingagjald

Sjávarútvegsfyrirtæki greiða sértækt viðbótargjald til ríkissjóðs, sértæka tryggingu vegna sjómanna sem er 0,65% af heildarlaunum og bætist við almennt álagningarhlutfall. Hlutfallið hefur verið óbreytt í langan tíma.


- Sérstakt tryggingagjald er innifalið í þeim fjárhæðum sem fram koma á myndinni hér til hægri.

Bæði tryggingagjald og sértækt tryggingagjald renna að fullu til ríkissjóðs.

### Tryggingagjald m.kr.



### Skipting gjalda 2020 %



Heimild: Skatturinn og greining KPMG

# Tekjuskattur

### Almennt

Tekjuskattur er lagður á tekjuskattsstofn fyrirtækja / lögaðila og er skilgreindur sem tekjur að frádræmnum þeim kostnaði sem viðkomandi aðilum er heimilaður í frádrátt hverju sinni. Undirliggjandi tekjuskattshlutfall er breytilegt eftir því um hvers konar félag er að ræða en almennur tekjuskattur fyrirtækja er 20%.


— Innheimtur tekjuskattur rennur allur í ríkissjóð.

Þar sem tekjuskattur er fast hlutfall af hagnaði sveiflast hann í samræmi við afkomu greinarinnar. Greiddur tekjuskattur fyrirtækja í sjávarútvegi lækkaði verulega á milli árunna 2016 og 2017, en hefur farið vaxandi á undanförunum árum og nam um 7,2 ma.kr. á árinu 2020 skv. upplýsingum frá Skattinum.


### Fiskeldi

Fiskeldi á Íslandi hefur vaxið mikið á síðustu árum, sér í lagi sjókvíaelði. Hlutdeild fiskeldisfyrirtækja í greiddum tekjuskatti hefur því jafnframt farið hækkandi og nam um 3,3% af samanlögðum tekjuskattsgreiðslum sjávarútvegs- og fiskeldisfélaga árið 2020 eða sem jafngildir um 238 m.kr.

### Tekjuskattur m.kr.



### Skipting gjalda 2020 %



Heimild: Skatturinn og greining KPMG



## Veidigjöld

### Almennt

Veidigjald hefur verið lagt á veiddan afla frá árinu 2004 og er nú innheimt skv. lögum 145/2018 en þar segir:

„Veidigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.“


Lögin kveða jafnframt á um hvernig veidigjald hvers árs skal reiknað og hvaða forsendur eigi að liggja þar til grundvallar. Ríkisskattstjóri gerir tillögu um fjárhæð veidigjalds hvers nytjastofn fyrir komandi veidigjaldaár. Veidigjaldið miðast við krónu á hvert kg af lönduðum óslægðum afla og skal tillaga Ríkisskattstjóra miðast við að veidigjaldið nemi um 33% af reiknistofni hvers nytjastofns.

Fiskistofa leggur veidigjöldin á og renna þau að öllu leyti til ríkissjóðs.


Veidigjöld eru frádráttarbær frá tekjuskatti.

Veidigjöld hafa sveiflast talsvert á undanförunum árum en hafa ber í huga að þau eru afkomutengd og með tveggja ára töf, þ.e. veidigjöld ársins 2020 taka mið af afkomu greinarinnar árið 2018 o.s.frv.

### Veidigjöld m.kr.



### Skipting gjalda 2020 %



Heimild: Fiskistofa og greining KPMG

# Auðlindagjald í fiskeldi

### Fiskeldi (gjald vegna sjókvíaeldis)

Með lögum nr. 89/2019 var rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva gert að greiða gjald vegna starfseminnar en slík gjaldtaka hafði ekki verið fram að því.

Gjaldinu ber að tryggja ríkissjóði endurgjald á nýtingu hafsvæða til að mæta kostnaði við stjórnsýslu og til að leggja grunn að Fiskeldissjóði sem samkvæmt lögnum skal styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög á þeim svæðum.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax skal miðast við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi frá ágúst til október næst fyrir ákvörðunardag. Gjald vegna slátraðs regnbogasilungs skal vera helmingi lægra.

- Þrátt fyrir ofangreint ákvæði um fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax og regnbogasilungs eru í gildi bráðabirgðaákvæði sem kveða á um að einungis 1/7 gjaldsins hafi verið innheimt á árinu 2020.
  - Hlutfallið hækkar svo um 1/7 árlega þar til fullt gjald verður innheimt árið 2026. Því má vænta þess að gjaldið kunni að hækka umtalsvert á næstu árum.

Gjaldið var innheimt í fyrsta sinn árið 2020 og var þá um **53 m.kr.**

Framleiðsla á laxi til slátrunar úr sjókvíaeldi var um 32,3 þúsund tonn á árinu 2020 skv. Radarnum, mælaborði sjávarútvegsins. Slægt magn er áætlað 25,8 þús. tonn byggt á slægingarstuðli 0,8.

Meðalverð á laxi hefur verið um 800 kr./kg á undanförunum mánuðum skv. Nasdaq.

Ef ofangreind viðmið eru höfð til grundvallar myndi auðlindagjald, án bráðabirgðaákvæða, nú reiknast um 723 m.kr. ( $25,8 * 800 * 3,5\% = 723$ ). Með aukinni framleiðslu mun gjaldið hækka enn frekar en sem dæmi má nefna að við 50 þús.tonna framleiðslu (slægt magn) og núverandi verðforsendur reiknast gjaldið um 1.400 m.kr. á ársgrundvelli.

### Fiskeldissjóður

Fiskeldissjóður starfar á grundvelli laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.

Tejur sjóðsins eru hlutfall af því gjaldi sem rekstrarleyfishafar fiskeldisstöðva í sjó greiða í ríkissjóð og fjallað er um hér að framan en endanleg fjárveitingu byggir á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum.

Líkt og komið hefur fram er sjóðnum ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Árlega auglýsir stjórn sjóðsins opinberlega eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki. Umsóknum skal fylgja lýsing á markmiðum verkefnisins, framkvæmdar- og kostnaðaráætlun og er nauðsynlegt að verkefni falli að áherslum sjóðsins en þær geta þó verið breytilegar á milli ára.

Þriggja manna stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um styrki og eru þeir að jafnaði veittir til eins árs í senn.

Fyrsta úthlutun fór fram á árinu 2021 og voru þá um 105 m.kr. til úthlutunar.

Taflan hér að neðan sýnir hve næmt auðlindagjaldið er fyrir breytingum í framleiddu magni og undirliggjandi markaðsverði

| Auðlindagjald - næmnigreining |     |                                  |              |        |        |        |
|-------------------------------|-----|----------------------------------|--------------|--------|--------|--------|
|                               |     | Framleitt slægt magn (þús. tonn) |              |        |        |        |
|                               |     | 40.000                           | 50.000       | 60.000 | 70.000 | 80.000 |
| Markaðsverð<br>(ISK/kg)       | 700 | 980                              | 1.225        | 1.470  | 1.715  | 1.960  |
|                               | 750 | 1.050                            | 1.313        | 1.575  | 1.838  | 2.100  |
|                               | 800 | 1.120                            | <b>1.400</b> | 1.680  | 1.960  | 2.240  |
|                               | 850 | 1.190                            | 1.488        | 1.785  | 2.083  | 2.380  |
|                               | 900 | 1.260                            | 1.575        | 1.890  | 2.205  | 2.520  |

## Eftirlitsgjöld

### Sjávarútvegur

Fiskistofa hefur eftirlit með öllum skipum sem veiða í íslenski lögsögu sem og veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar. Að auki hefur Fiskistofa eftirlit með löndun og vigtun sjávarafla í íslenskum höfnum.

Sérstakir eftirlitsmenn eru sendir um borð þar sem þeir annast stærðarmælingar fiska, fylgjast með aflasamsetningu, veiðarfærum, brottkasti o.s.frv. Vegna eftirlits í vinnsluskipum innheimtir Fiskistofa fast gjald samkvæmt verðskrá fyrir hvern dag um borð auk þess sem eftirlitsmaður er á fullu fæði hjá útgerðinni.

- Hafa skal í huga að Fiskistofa innheimtir ekki gjald vegna eftirlits í ísfisksskipum en eftirlitsdagar þar hafa verið ívið fleiri en vinnsluskipa.

| Eftirlit um borð í fiskiskipum |      |      |      |      |      |
|--------------------------------|------|------|------|------|------|
|                                | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
| Fjöldi daga                    | 687  | 471  | 488  | 451  | 286  |
| Fjárhæð (m.kr.)                | 47   | 36   | 40   | 37   | 23   |

### Annað eftirlit


Til viðbótar við ofangreint hefur Matvælastofnun (MAST) eftirlit með vinnslum og fiskeldi auk þess sem Umhverfisstofnun (UST) hefur eftirlit með fiskeldi og fiskimjölsværksmiðjum og gefur út starfsleyfi vegna þeirra.

Heildareftirlitsgjöld vegna þessara stofnana hafa verið á bilinu 80-120 m.kr. á undanförmum árum. Á árinu 2020 voru eftirlitsgjöld MAST um 65 m.kr. en gjöld vegna eftirlits USD um 19 m.kr.

- Gjöld MAST eru ekki sundurliðuð eftir tegund matvælaframleiðslu og eru því áætluð út frá eftirlitstíma og fjölda heimsókna fyrir þýðin „fiskur“ og „fiskmarkaðir/frystigeymslur“. Jafnframt er tekið tillit til gjalda vegna bátaeftirlits og útflutningsvottorða sjávarafurða.
- Í tilfalli UST er aðeins um grunnjald vegna eftirlits að ræða en viðbótargjöld eru undanskilin.


### Eftirlitsgjald

m.kr.



### Skipting gjalda 2020

%



Heimild: Fiskistofa og greining KPMG

# Hafnar- og aflaggjöld

### Almennt

Hafnar- og aflaggjöld eru gjöld sem hafnarsjóðir innheimta í tengslum við umferð skipa um hafnir landsins, m.a. vegna löndunar afla eða annarrar hagnýtingar á hafnarmannvirkjum og þjónustu hafna. Dæmi um þessi gjöld eru lestargjöld, bryggjugjöld, hafnarlegugjöld, vörugjöld og önnur þjónustugjöld. Hafnarsjóðir á Íslandi eru almennt starfræktir af sveitarfélögum og á ábyrgð þeirra.

### Aflaggjöld

Sjávarútvegsfélög greiða aflagjald af þeim sjávarafla sem landað er. Gjaldið er fast hlutfall af undirliggjandi aflaverðmæti en getur verið mismunandi á milli hafna.

Gjaldinu ber að styðja við rekstur hafna landsins og tryggja þeim fé m.a. til viðhalds og uppbyggingar.

### Fiskeldi

Fiskeldisfyrirtæki borga, líkt og aðrir, aflaggjöld af öllum þeim afla sem þau leggja á land eða í skip á viðkomandi hafnarsvæði til vinnslu eða brottflutnings, þ.e. fiskum og seiðum úr eldiskívum.


- Gjaldskrá kann þó að vera breytileg á milli sveitarfélaga.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hve stórt hlutfall aflagjalda er tilkomið vegna greiðsla frá fiskeldisfyrirtækjum.


- Ef tekið er mið af tekjum hafna Vesturbyggðar og Múlapings má áætla að aflaggjöld vegna fiskeldis kunni að hafa numið á bilinu 150 – 200 m.kr. á árinu 2020.

Til viðbótar við ofangreint innheimtir Ríkissjóður strandveiðigjald, 50 þús.kr. á hvern bát, en áætlað er að gjaldið kunni að vera á bilinu 30 – 35 m.kr. á ári. Gjaldið rennur að lokum til hafna landsins í hlutfalli við hlut þeirra í þeim heildarafla sem fenginn er við strandveiðar á viðkomandi tímabili.

### Aflaggjöld m.kr.



### Skipting gjalda 2020 %



Heimild: Hafnasamband Íslands og greining KPMG

# Kolefnisgjald

### Almennt

Kolefnisgjald er lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti í þeim tilgangi að draga úr útblæstri og draga úr mengun. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og díselolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu.

Gjaldskyldir eru:

- Aðilar sem flytja inn til landsins vöru sem er gjaldskyld, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
- Aðilar sem framleiða hér á landi vöru sem er gjaldskyld, vinna að framleiðslu hennar eða setja saman, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Gjaldskyldum aðilum ber að standa skil á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu í tilviki innlendar framleiðslu.

Tollstjóri annast álagningu og eftirlit með kolefnisgjaldi. Gjaldið er innheimt af olíufélögum og greitt í ríkissjóð.


- Hlutdeild sjávarútvegs í kolefnisgjaldi á árunum 2019 og 2020 er áætluð með því að taka mið af olíukaupum fiskiskipa í hlutfalli við heildarolíusölu innanlands.
- Hlutdeild sjávarútvegs hefur verið um 30-33% á undanförunum fimm árum.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve stórt hlutfall kolefnisgjalds er tilkomið vegna greiðslna frá fiskeldisfyrirtækjum en ætla má að hlutdeild þeirra sé óveruleg.

- Talið er að framlag fiskeldisfyrirtækja í kolefnisgjaldi sé fyrst og fremst í formi óbeinna greiðslna vegna aðkeyprar þjónustu, s.s. vegna flutningastarfsemi. Hins vegar má benda á sambærileg óbein áhrif af flutningastarfsemi tengda afurðum og aðföngum sjávarútvegs.


### Kolefnisgjald

m.kr.



### Skipting gjalda 2020

%



Heimild: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, Ríkisreikningur 2010 – 2020, Orkustofnun og greining KPMG

# Önnur gjöld

Ýmis önnur gjöld og skattar eru lögð á sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki á Íslandi. Hér að neðan eru dæmi um þau gjöld en talið er að neðangreind gjöld vegi óverulega í heildarskattspori fyrirtækjanna auk þess sem erfitt er að fá tölulegar upplýsingar um stóran hluta þeirra.

### Umhverfissjóður sjókvíaeldis

Fyrirtæki sem ala frjóan lax í kvíum í sjó greiða árlegt gjald til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis sem nemur 20 SDR á hvert tonn sem heimilt er að framleiða skv. rekstrarleyfi. Gjaldið er helmingi lægra fyrir hvert tonn af ófrjóum laxi eða regnbogasilungi. Rekstrarleyfishafi sem starfrækir eldi með lokuðum eldisbúnaði skal greiða árlegt gjald að upphæð 5 SDR á hvert tonn. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Árlega úthlutar sjóðurinn styrkjum til nokkurra verkefna en heildarúthlutun á árunum 2016 til 2020 hefur verið um 636 m.kr. Úthlutanir sjóðsins ná bæði til einkaaðila og opinberra aðila, þar á meðal HAFRÓ, sem hefur fengið um 68% af heildarúthlutnum síðustu fimm ára (430 m.kr.) en þá er ekki tekið tillit til verkefna sem HAFRÓ hefur unnið í samstarfi við aðra aðila.

### Fasteignagjöld

Sjávarútvegsfyrirtæki greiða fasteignaskatta og önnur tengd gjöld af fasteignum sínum eins og aðrir eigendur fasteigna. Jafnframt greiða fyrirtæki í fiskeldisstarfsemi fasteignagjöld af fasteignum (sláturhús, vinnsluhús, geymslur og skrifstofur), eldiskerjum og öðrum mannvirkjum á landi en aftur á móti eru ekki greidd fasteignagjöld af sjókvíum eða öðrum eldisbúnaði í sjó.

Erfitt hefur reynst að afla nákvæmra upplýsinga um þá fjárhæð sem sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki hafa greitt í fasteignagjöld enda eru undirliggjandi fasteignir í sumum tilfellum skráðar í eignarhaldsfélögum sem myndi því falla utan skilgreiningarinnar.

Fasteignagjöld renna að fullu til viðkomandi sveitarfélags.

- Nefna má að uppi eru áform um umtalsverða uppbyggingu landeldis, m.a. á Reykjanesi og í Ölfusi. Slík uppbygging getur leitt til umtalsverðrar hækkunar á fasteignagjöldum í viðkomandi sveitarfélögum.



[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

©2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.